

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag miðbæjar Neskaupstaðar, Fjarðabyggð.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 5. febrúar 2015 deiliskipulag miðbæjar Neskaupstaðar.

Deiliskipulagið afmarkast af Víkurbratta að vestanverðu, af Melagötu, Miðstræti, Sverristúni og að Mýrargötu 18 að norðanverðu, til suðurs af Nesgötu, vestur fyrir Nesgötu 4 og til sjávar. Tillagan felur meðal annars í sér að skilgreindar eru núverandi lóðir og lóðarstærðir á svæðinu, aðgengi að skrúðgarði og sundlaug er bætt, miðbæjargata og torg eru skilgreind ásamt öruggum umferðarleiðum fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 5. mars 2015,*

**Páll Björgvin Guðmundsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. mars 2015